

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykjavíkur með eftirfarandi fyrirvörum borgarráðs Reykjavíkur:

1. Breidd gatna og tilhögun gatnamóta er ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.
2. Staðfesting tekur ekki til legu safnbrauta og húsagatna í deiliatriðum.
3. Miðað er við almennt nýtingarhlutfall, allt að 0.5, nema í miðbænum og austurbænum, þar sem hámarksnýting er í samræmi við tillögu á bls. 146 í hinni prentuðu greinargerð.
4. Lega hraðbrautar í framhaldi af Sóleyjargötu, vestan og sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal og síðan allt upp að Rauðavatni, er ekki endanlega ákveðin.
5. Fyrirvari er gerður um skipulag í Breiðholtshverfi, á Selhrygg, þar sem samman koma skipulag Reykjavíkur og skipulag Kópavogs.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 138.

1. ágúst 1967.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Reykjahlíð við Mývatn.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. f. m. staðfest skipulagsuppdrátt af Reykjahlíð við Mývatn.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skútustaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.